# HÚSÖNDIN


| 28.tbl. 1.árg.<br>22.ágúst 2018 | Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com<br>Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir | sími:<br>8492804 |
|---|---|---|


## AFMÆLISBÖRN DAGANA 23-29. ÁGÚST 2018

*24.8 Gísli Árnason, Tereza Kopalová*
*25.8 Kristján Stefánsson*
*26.8 Bernadetta Kozaczek, Guðveig Guðmundsdóttir, Ísak Sigurðsson*
*27.8 Stefanía Halldóra Stefánsdóttir*
*28.8 Helgi Þorleifur Þórhallsson*
*29.8 Nataniel Kuc, Sander Neissar*

Reykjahlíðarskóli

Skólasetning Reykjahlíðarskóla og Tónlistarskóla Mývatnssveitar verður á mánudaginn 27. ágúst kl. 10:00.
Nemendur þurfa ekki að hafa með sér skólatöskur.
Eftir setningu hitta foreldrar og nemendur umsjónarkennara.
Skráning verður í tónlistarskólann, mötuneyti og frístund.
Við gerum ráð fyrir að foreldrar verði fram undir kl. 11:00 en nemendur fara heim að loknum hádegisverði kl. 13.00. Skólabílar keyra akstursnemendur heim.

Skólastjóri

# VETRAROPNUN Í ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

## – NÝTTU ÞÉR LYKILKORTIÐ FYRIR LENGRI OPNUNARTÍMA

Frá og með 1. september n.k. tekur vetraropnun gildi í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps.

**Vetraropnun 2018-2019:**
Mánudaga - fimmtudaga frá kl. 9:00 til 20:00 (opið í hádeginu)
Föstudaga lokað
Laugardaga frá kl. 10 - 16.
Sunnudaga lokað.
Dagskrá og tímatafla vetrarins auglýst síðar.

**Þeir sem hafa LYKILKORT hafa aðgang að ræktinni frá kl. 5.30 til miðnættis:**

Hægt er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma (líka á föstudögum og sunnudögum).
Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í ræktinni til miðnættis) alla daga vikunnar.
Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.
Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

**Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps**

# ÚTBOÐ Á AUKAAKSTRI GRUNNSKÓLANEMENDA REYKJAHLÍÐARSKÓLA

Í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar býður Skútustaðahreppur út aukaakstur grunnskólanemenda í Reykjahlíðarskóla, fyrir skólaárið 2018-2019. Útboðsgögn, þ.e. leiðarlýsing, upplýsingar um fjölda barna og tilboðseyðublöð, liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með mánudeginum 20. ágúst. Hægt er að fá útboðsgögn send í tölvupósti.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, í síðasta lagi 24. ágúst n.k. kl. 10:00. Tilboðin er einnig hægt að senda á netfangið **thorsteinn@skutustadahreppur.is.** Tilboðin skulu merkt **Aukaakstur-Reykjahlíðarskóli.**
Tilboðin verða opnuð á sama tíma á skrifstofu Skútustaðahrepps og er tilboðsgjöfum heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.
Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 4163 á skrifstofutíma.

**Sveitarstjóri Skútustaðahrepps**



ÞJÁLFI

# FIRMAKEPPNI ÞJÁLFA

verður haldin

fimmtudaginn 23.ágúst kl. 19:00 á Einarsstöðum.

Keppt verður í flokkum:

**Polla / Barna / Unglinga og Ungmenna / Kvenna / Karla**

Keppnin verður með hefðbundnu og frjálsu sniði eins og áður
og mun skráning fara fram á staðnum.

Grillum pyslur að lokinni keppni
500 kr. pylsa og svali/gos
ATH. Enginn posi á staðnum

Hvetjum alla til að mæta og hafa gaman saman.
Frekari upplýsingar veitir Freddi í síma 698-6810

Firmanefnd Þjálfa


$H_2O$

Þekkingarnet

# Þingeyinga

## OPIÐ HÚS FYRIR NÁMSMENN OG HEITT Á KÖNNUNNI ÞRIÐJUDAGINN 28.ÁGÚST KL.16-18

Kæru námsmenn í Mývatnssveit
Þekkingarnet Þingeyinga býður ykkur vinnuaðstöðu í Þekkingarsetrinu í húsi Skútustaðahrepps við Hlíðarveg.
Þar er lesrými með sólarhringsaðgengi, frítt net, hægt að prenta og taka próf.

Öll þjónusta og aðstaða Þekkingarnetsins fyrir fjarnema í Þingeyjarsýslum er gjaldfrjáls
Starfsmaður Þekkingarnetsins í Mývatnssveit er Arnþrúður Dagsdóttir (Ditta) s:464-5130/849-2804 og í netfang: ditta@hac.is.

Formleg opnun verður um miðjan október en þjónusta við ykkur hefst nú þegar. Við minnum á heimasíðu Þekkingarnetsins hac.is og bjóðum ykkur að fylgja okkur á facebook.